



## GÁTLISTI

### Upplýsingagjöf vegna umsóknar um starfsleyfi fjármálafyrirtækja, sbr. 5. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.)

#### II. kafli fttl.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands veitir starfsleyfi skv. II kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að á heimasíðu Seðlabanka Íslands má finna yfirlit yfir m.a. reglugerðir, reglur, viðmiðunarreglur og leiðbeinandi tilmæli sem gefin hafa verið út í tengslum við starfsemi fjármálafyrirtækja. Umsækjendum er bent á að kynna sér það efni sem er viðeigandi fyrir þá starfsemi sem sótt er leyfi fyrir.

Auk framangreinds má vekja athygli á vinnuskjali frá European Banking Authority (EBA) sem hjálplegt er að hafa til viðmiðunar við vinnslu umsókna. Sjá nánar hér: [Final Report](#)

Fjármálaeftirlitið óskar eftir fundi með umsækjendum áður en umsókn er skilað.

Umsókn skal vera skrifleg og undirrituð af stjórn félagsins. Umsókninni skulu fylgja:

Nr.	Lagatilvísun	Efni
1.	1. tl. 5. gr. fttl.	Upplýsingar um leyfisskylda starfsemi, tegund starfsleyfis og aðra fyrirhugaða þjónustu.
1.1		Vottorð félags frá fyrirtækjaskrá RSK.
1.2		Tegund starfsleyfis og leyfisskyld starfsemi skv. 3. og 4. gr. fttl.
1.3		Önnur fyrirhuguð þjónusta viðskiptabanka, sparisjóða eða lánafyrirtækja: Tiltaka þarf starfsheimildir skv. 20. gr. fttl. Ef umsækjandi hyggst bjóða upp á þjónustu skv. 25. gr. fttl. skal tiltaka hvað þjónustu er fyrirhugað að veita samkvæmt ákvæðinu. Ef umsækjandi hyggst bjóða upp á greiðsluþjónustu þarf að tiltaka hvaða þjónustu skv. 4. gr. laga nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu er fyrirhugað að veita. Ef umsækjandi hyggst hefja útgáfu rafeyris eða dreifingu rafeyris skv. lögum nr. 17/2013 um útgáfu og meðferð rafeyris skal tiltaka hvað þjónustu er fyrirhugað að veita.
1.4		Starfsheimildir verðbréfafyrirtækja skv. 25. gr. fttl. Tiltaka þarf hvaða þjónustu skv. 25. gr. er fyrirhugað að veita.
1.5		Starfsheimildir rekstrarfélags skv. 27. gr. fttl. Tiltaka þarf hvaða þjónustu skv. 27. gr. er fyrirhugað að veita.

2.	2. tl. 5. gr. ffl.	Samþykktir félags.
2.1		Núverandi samþykktir félags og drög að samþykktum verði starfsleyfi veitt.
3.	3. tl. 5. gr. ffl.	Upplýsingar um starfsskipulag þar sem m.a. komi fram upplýsingar um hvernig fyrirhugaðri starfsemi verði sinnt.
3.1		Ítarleg umfjöllun um hvernig félagið hyggst nýta umbeðnar starfsheimildir.
3.2		Ítarleg umfjöllun um starfsskipulag ásamt skipuriti félags.
3.3		Nafn og kennitölu yfirmanns hvers sviðs ásamt ferilskrá.
3.4		Upplýsingar um fjölda starfsmanna á hverju sviði.
3.5		Óskað er eftir útvistarstefnu félagsins, lýsingu á fyrirhugaðri útvistun og afriti af samningum þar að lútandi. Allir samningar skulu vera undirritaðir. Umsækjendum er bent á að kynna sér leiðbeinandi tilmæli EBA/GL/2019/02 og leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2019.
3.7		Upplýsingar um húsnæðisfyrirkomulag, m.a. teikningar m.t.t. aðskilnaðar starfssviða og annarra öryggisþátta.
3.8		Upplýsingar um ytri endurskoðanda ásamt afriti af samningi.
3.9		Upplýsingar um eignarhald í félögum innanlands.
3.10		Upplýsingar um eignarhald í félögum erlendis.
3.11		Gera skal grein fyrir mögulegum hagsmunaaðreksstrum félagsins við eftirlitsskylda aðila.
3.12		Veita skal upplýsingar um hvort félagið sé hluti af samstæðu. Ef svo er þarf að veita upplýsingar um félög í samstæðunni.
4.	4. tl. 5. gr. ffl.	Upplýsingar um innra skipulag fyrirtækis, þ.m.t. eftirlits- og starfsreglur.
4.1	Sjá 16. gr. ffl. og leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2008 og nr. 2/2011.	Upplýsingar um innri endurskoðunardeild. Ef sótt er um undanþágu frá rekstri innri endurskoðunardeildar þarf að gera samning við aðila um að hann sinni verkefnum innri endurskoðunardeildar fyrir fjármálafyrirtækið Sérstök umsókn um undanþágu þarf að fylgja starfsleyfisumsókninni ásamt afriti af samningi við viðkomandi aðila. Sama endurskoðunarfyrirtæki getur ekki sinnt innri og ytri endurskoðun hjá sama fjármálafyrirtæki. Nánari leiðbeininga varðandi undanþágu frá starfsrækslu innri endurskoðunardeildar fjármálafyrirtækja má finna <a href="#">hér</a> .

4.2	Sjá 17. gr. ffl. og IV. kafla sömu laga um meðhöndlun áhættuþátta.	<p>Upplýsingar um eftirlitskerfi með áhættu. Skila þarf m.a.:  Markmiðum félagsins varðandi áhættustýringu.  Yfirliti yfir stefnur, reglur og innri ferla sem taka til áhættuþátta skv. 78. gr. a – 78. gr. i. ffl., eftir því sem við á.  Lýsingu á kerfum sem stuðst er við í áhættustýringu og álagsprófum.  Svörum við spurningalista vegna áhættustýringar sem finna má <a href="#">hér</a>.  Sjálfsmat um eiginfjár- og lausafjárkröfur (ICAAP/ILAAP).  Nánar um ICAAP /ILAAP  Í ICAAP/ILAAP (e. Internal Capital/Liquidity Adequacy Assessment Process) felst sjálfsmat á eiginfjár- og lausafjárþörf. Um efni og innihald vísast í leiðbeinandi tilmæli EBA/GL/2016/10) á heimasíðu EBA. Vakin er athygli á að ICAAP/ILAAP er á ábyrgð stjórnar fjármálafyrirtækisins og ekki er heimilt að úthýsa framkvæmd og mati til utanaðkomandi aðila.</p>
4.3	Sjá m.a. 78. gr. h lið og g lið ffl. Og leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2010.	<p>Viðbúnaðaráætlun og áætlun um samfelldan rekstur til að tryggja áframhaldandi starfsemi og takmörkun á tjóni ef alvarleg röskun verður á starfsemi fft. Einnig ber fft. að hafa viðbúnaðaráætlun lausafjár komi upp lausafjár- eða fjármögnunarvandi. Báðar viðbúnaðaráætlanir skulu m.a. innihalda samskiptaáætlun við fjármálaeftirlitið vegna yfirvofandi/yfirstandandi áfalla í rekstri.</p>
4.4	78. gr. h, 83. gr. ffl. og leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2010.	<p>Stefna og reglur um lausafjárstýringu. Hafa ber hliðsjón af reglum nr. 266/2017, um lausafjárhlutfall lánastofnana og reglum nr. 1032/2014, um fjármögnunarhlutfall í erlendum gjaldmiðlum, eftir því sem við á um starfsemi fft.</p>
4.5	Sjá leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2019	<p>Úttekt óháðs þriðja aðila á öryggi, rekstri og þróun upplýsingatæknikerfa, þar sem úttektin tekur mið af leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.  Umsækjendum er bent á að kynna sér EBA Guidelines on ICT and security risk management (EBA/GL/2019/04).  Einnig er æskilegt að taka mið af stöðlum eins og ISO 27001, COBIT eða ITIL ef tilmælin eða EBA viðmiðunarreglunar eru ekki nægilega ítarlegar fyrir viðkomandi.  Úttektin og niðurstöður hennar skulu m.a. innihalda kafla um:  Skipulag og öryggisstjórnun. Kaflinn skal m.a. innihalda upplýsingatækni-stefnu, upplýsingaöryggisstefnu, útvistunarstefnu, öryggishandbók, upplýsingar um aðgangsstýringar, verkferla, viðbúnaðaráætlun (e. business continuity, disaster recovery), upplýsingar um raunlægan aðgang, lista yfir ytri aðila og aðgangsheimildir þeirra.  Rekstur og eftirlit. Kaflinn skal m.a. innihalda upplýsingar um breytingastjórnun, verkefnastjórnun, gæðastjórnun, viðhald, aðskilnað umhverfa (þróun, prófun, raun), ábyrgðasvið, afritunartöku, atvikaskráningu, kennslu, æfingar og prófanir.  Hugbúnaðarþróun, viðhald og innleiðing tölvukerfa. Kaflinn skal m.a. innihalda upplýsingar um verkferla, prófanir, gæðastjórnun og gagnastjórnun.  Áhættugreining. Kaflinn skal m.a. innihalda upplýsingar um ferla og framkvæmd, meðhöndlun frávíka, ábyrgðarsvið, reglubundna framkvæmd og áhættumat.</p>

4.5		<p>Upplýsingaöryggi. Kaflinn skal lýsingu á umgjörð um raunlægar varnir og netvarnir, og skal innihalda m.a. umfjöllun um veikleikamat, innbrotaprófanir og viðbragðsáætlanir.</p> <p>Útvistun. Kaflinn skal m.a. innihalda upplýsingar um hverju er útvistað, samninga (SLA), áhættumat og stjórnunarlega ábyrgð.</p> <p>Úttekt óháðs aðila skal fylgja umsókn. Ef um nýtt fyrirtæki er að ræða skal leggja mat á fyrirhugað umhverfi. Þegar fyrirtæki hefur starfsemi skal skila nýrri úttekt á raunverulegu umhverfi.</p>
4.6	54. gr. ffl. og leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2010.	Starfsreglur stjórnar.
4.7	56. gr. ffl.	Reglur um þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri.
4.8	57. gr. ffl.	<p>Reglur um viðskipti framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna við fjármála-fyrirtækið.</p> <p>Reglur um viðskipti fjármálafyrirtækis við starfsmenn. Reglurnar skulu birtar opinberlega.</p>
4.9	57. gr. a ffl.	Upplýsingar um kaupaukakerfi, sbr. reglur nr. 388/2016 um kaupaukakerfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.
4.10	5. gr. A laga nr. 140/2018	Skriflegt áhættumat (ásamt aðferðafræði) sem inniheldur greiningu og mat á hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi.
4.11	5. gr. B laga nr. 140/2018	Aðferðafræði við áhættumat á samningssamböndum og einstökum viðskiptum.
4.12	5. gr. a laga nr. 140/2018.	Skjalfest stefna um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
4.13	5. gr. a laga nr. 140/2018.	Upplýsingar um stýringar til að draga úr og stýra áhættu sem stafar af peningabætti og fjármögnun hryðjuverka (s.s. upplýsingatæknikerfi, hvers konar takmarkanir, reglur eða annað sem stýrir áhættu.)
4.14	5. gr. a laga nr. 140/2018.	<p>Verkferlar til að draga úr og stýra áhættu sem stafar af peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Að lágmarki skulu vera verkferlar um eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• áreiðanleikakönnun, sbr. III. kafli laganna.</li> <li>• reglubundið eftirlit, sbr. 4. mgr. 10. gr. laganna.</li> <li>• eftirlit með því hvort einstaklingar eru í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla, við upphaf viðskipta og reglubundið, sbr. 17. gr. laganna.</li> <li>• rannsókn á grunsamlegum viðskiptum, sbr. 3. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 21. gr. laganna, þar sem m.a. koma fram: <ul style="list-style-type: none"> <li>- leiðbeiningar um hvað telst grunsamlegt og hvaða rauðu flögg og váþætti ber að þekkja í starfseminni,</li> <li>- hvernig framkvæma á rannsókn,</li> <li>- hvernig greina á flóknar og óvenjulegar færslur, þ.á m óvenjulega háar færslur og viðskiptamynstur</li> <li>- kröfur til skriflegrar skýrslu</li> <li>- hvernig og hvert á að tilkynna grunsamleg viðskipti</li> </ul> </li> <li>• tilkynningar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu</li> </ul>

4.14		<ul style="list-style-type: none"> <li>• könnun á hæfi starfsmanna þar sem eftirfarandi kemur m.a. fram: <ul style="list-style-type: none"> <li>- hvaða athuganir skuli gerðar á ferli umsækjenda</li> <li>- í hvaða tilvikum skuli krafist sakarvottorðs eða annarra sambærilegra skilríkja um feril og fyrri störf</li> <li>- hvernig standa skuli að athugun áður en ráðning er gerð og með reglubundnum hætti, m.a. hvort ástæða sé til að fletta viðkomandi upp í opinberum skráum eða gagnagrunnum.</li> </ul> </li> </ul>
4.15	b-liður 5. gr. a laga nr. 140/2018	Upplýsingar um hvernig staðið skuli að því að framkvæma úttekt á og prófa innri stefnu, eftirlit og málsmeðferð.
4.16	3. mgr. 28. gr. laga nr. 140/2018	Verklagsreglur þar sem kveðið er á um aðgang starfsmanna og aðgangstakmarkanir þeirra að gögnum og upplýsingum sem varðveitt eru á grundvelli laganna.
4.17	III. kafli laga nr. 140/2018	Spurningalisti sem lagður er fyrir viðskiptamenn vegna áreiðanleikakönnunar.
4.18	33. gr. laga nr. 140/2018	Upplýsingar um hvernig fyrirhugað er að standa að þjálfun starfsmanna, m.a. fræðsluáætlun.
4.20	34. gr. laga nr. 140/2018	Upplýsingar um nafn sérstaks ábyrgðarmanns sem tilnefndur hefur verið úr hópi stjórnenda ásamt netfangi viðkomandi.
4.21	4. gr. og 1. mgr. 7. gr. laga nr. 64/2019	<p>Verkferill tengdur eftirliti með því hvort viðskiptamenn eru á þvingunarlistum, þar sem m.a. kemur eftirfarandi fram:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• hvaða viðeigandi eftirlitskerfi er fyrirhugað að nota,</li> <li>• hvernig skimun við upphaf viðskipta og reglulega á samningstímanum verður háttað,</li> <li>• hvernig bregðast eigi við ef sannjálkvæðar niðurstöður koma upp og</li> <li>• hvernig standa skuli að frýstingu fjármuna.</li> </ul>
4.22	IX. kafli A ffl. og leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2020.	Drög að endurbótaáætlun (e. recovery plan) eða áætlun um skil á endurbótaáætlun sem gerir grein fyrir því hvernig fjármála-fyrirtækið muni bregðast við mögulegum áföllum eða álagi. Endurbótaáætlun er á ábyrgð stjórnar fyrirtækis. Óska þarf sérstaklega eftir því hjá fjármálaeftirlitinu hvort ffl. sé heimilt að skila einfaldri endurbótaáætlun.

5.	5. tl. 5. gr. ffl.	Viðskipta- og rekstraráætlun þar sem m.a. komi fram fyrirhugaður vöxtur og uppbygging eigin fjár.
5.1		<p>Ársreikningar og ársskýrslur fyrir síðustu þrjú ár. Ársreikningur síðasta rekstrarárs skal vera endurskoðaður. Jafnframt er óskað eftir könnuðu milliuppgjör ef það liggur fyrir vegna núverandi rekstrarárs.</p> <p>Ef um nýtt félag er að ræða, skal senda fjármálaeftirlitinu þær upplýsingar sem sendar hafa verið Fyrirtækjaskrá, þ.m.t. staðfestingu frá endurskoðanda um innborgað hlutfé.</p>
5.2		Viðskipta- og rekstraráætlun fyrir a.m.k. næstu þrjú rekstrarár ásamt ítarlegri greinargerð þar sem m.a. koma fram forsendur um fyrirhugaðan vöxt, uppbyggingu, starfsmannafjölda og aðrar upplýsingar varðandi áætlunina.
5.3		Mat á eiginfjárbörf og áætlun um hvernig lágmarks eigið fé verður tryggt
5.4		Fyrirhugað eiginfjárhlutfall (CAR) og áætluð þróun þess næstu þrjú ár.

5.5		Skýrslur um áætlað lausafjárstreymi og lausafjáráætlun fyrir fyrstu tvö árin í rekstri.
5.6		Upplýsingar um fjármögnun og fjármögnunarpörf.
5.7		Áætlun um fjárfestingar og fjárfestingarstefnu fyrirtækisins.
6.	6. tl. 5. gr. fftl.	Upplýsingar um stofnendur, hluthafa og stofnfjáreigendur, sbr. VI. kafla.
6.1		Nöfn og kennitölur stofnenda og upplýsingar um raunverulega eigendur.
6.2		Nöfn, kennitölur og stærð hlutar hluthafa eða stofnfjáreigenda (hlut-hafaskrá/skrá yfir stofnfjáreigendur).
7.	7. tl. 5. gr. fftl.	Upplýsingar um stjórn, stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur.
7.1	51., 52. og 52. gr. a fftl. ásamt reglum nr. 150/2017.	Eftirfarandi upplýsingar um stjórnarmenn: Upplýsingagjöf framkvæmdastjóra og stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila. Hafa skal samband við fjármálaeftirlitið er veitir frekari upplýsingar um þennan lið. Ef breytingar verða á högum stjórnarmanna og varðað geta hæfi viðkomandi sem stjórnarmanns hjá fyrirtækinu skal fjármálaeftirlitið upplýst um slíkar breytingar.
7.2	52. gr. fftl. ásamt reglum nr. 150/2017.	Eftirfarandi upplýsingar um framkvæmdastjóra: Upplýsingagjöf framkvæmdastjóra og stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila. Hafa skal samband við fjármálaeftirlitið er veitir frekari upplýsingar um þennan lið. Ef breytingar verða á högum framkvæmdastjóra og varðað geta hæfi viðkomandi skal fjármálaeftirlitið upplýst um slíkar breytingar.
7.3	Sjá leiðbeinandi til-mæli nr. 3/2010	Reglur um hæfi lykilstjórnenda.
7.4	Sjá leiðbeinandi til-mæli nr. 3/2010	Skrá yfir lykilstarfsmenn, hvaða stöðu þeir gegna og hvers vegna þeir teljist til lykilstarfsmanna. Jafnframt er óskað eftir mati félags á hæfi lykilstjórnenda með tilliti til ferils viðkomandi og árangurs í fyrri störfum og hugsanlegrar rekstrar- og orðsporsáhættu félagsins.
7.5		Afrit af yfirlýsingu sem starfsmenn undirrita, þar sem sýnt er fram á að þeim hafi verið kynntar verklagsreglur og innri ferlar fyrirtækisins ásamt ákvæðum er snúa að þagnarskyldu og viðurlögum.
7.6	4. mgr. 52. gr. fftl.	Óskað er eftir upplýsingum um hvort mat hafi verið lagt á samsetningu stjórnar, og ef svo er, afriti af niðurstöðum slíks mats. Á heimsíðu Seðlabanka Íslands má einnig finna viðmiðunarreglur EBA/ESMA/GL/2017/12 sem hafa skal til hliðsjónar.
7.7	78. gr. fftl.	Óskað er eftir upplýsingum um áhættunefnd félagsins. Finna má eyðublöð vegna umsókna um undanþágu frá starfrækslu áhættunefndar eða undanþágu frá stöðugildi yfirmanns áhættustýringar á heimasíðu Seðlabanka Íslands.

7.8	78. gr. ffl. og IX. kafli laga nr. 3/2006 um ársreikninga	Óskað er eftir upplýsingum um endurskoðunarnefnd félagsins.
8.	8. tl. 5. gr. ffl.	Staðfesting endurskoðanda á innborgun hlutafjár eða stofnfjár.
8.1	3. mgr. 6. gr. ffl.	Undirrituð staðfesting frá ytri endurskoðanda að hlutafé eða stofnfé hafi verið greitt að fullu með reiðufé.
9.	9. tl. 5. gr. ffl.	Upplýsingar um nán tengsl fyrirtækisins við einstaklinga eða lögaðila
9.1	3. mgr. 7. gr., sbr. 23. tölul. 1. gr. a ffl.	Upplýsingar um nán tengsl fyrirtækisins við einstaklinga eða lögaðila, m.a. lýsingu á eignatengslum, yfirráðum eða samstarfi.
10.	10. tl. 5. gr. ffl.	Aðrar viðeigandi upplýsingar sem fjármálaeftirlitið ákveður. Fjármálaeftirlitið getur óskað eftir frekari upplýsingum á grundvelli þessa tölulíðar ef það metur slíkt nauðsynlegt.
10.1		Netfang til móttöku dreifibréfa frá fjármálaeftirlitinu (óháð einstökum starfsmönnum fyrirtækisins).
10.2		Nafn, kennitala, sími og netfang ábyrgðarmanns fyrirtækisins á rafrænum skýrsluskilum til fjármálaeftirlitsins.
10.3		Nafn, sími og netfang tengiliðs umsóknar um starfsleyfi.
11.		Virkir eignarhlutir í fjármálafyrirtæki.
11.1	41. gr. ffl.	Þeir aðilar sem hyggjast fara með virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki þurfa að leggja inn sérstaka tilkynningu þess efnis til fjármálaeftirlitsins sbr. 41. gr. ffl. Tekið skal fram að í starfsleyfisveitingu felst ekki samþykki á virkum eignarhlut heldur þarf að taka þá tilkynningu sérstaklega til skoðunar. Umsækjendum er bent á að kynna sér leiðbeiningar á heimasíðu Seðlabanka Íslands. <a href="#">Virkur eignarhlutur í fjármálafyrirtæki.</a>
12		Þau fyrirtæki er sækja um heimild til að stunda viðskipti með fjármálagerninga skv. 25. gr., 26. gr. og 27. gr. ffl., sbr. 6. og 7. tl. 3. gr. ffl. skulu skila inn neðangreindum upplýsingum.
12.1		Innri verklagsreglur varðandi reglulega starfsemi og þjónustu við viðskiptavini, sbr. 6. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) Innri verklagsreglur sem tryggja að fyrirtækið sjálft, stjórn þess, starfsmenn, fastir umboðsmenn og þeir sem eiga virkan eignarhlut í fyrirtækinu, fari að lögum og reglum sem um starfsemi fyrirtækisins gilda.
12.2		Stefna varðandi hagsmunaárekstra, skv. 8. gr. vvl., sbr. 20. gr. rgl. nr. 995/2007.
12.3		Hvernig öflun upplýsinga frá viðskiptavini fer fram vegna eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar, skv. 15. gr. vvl., sbr. 36. gr. rgl. 995/2007
12.4		Hvernig öflun upplýsinga frá viðskiptavini fer fram vegna annarra verðbréfavíðskipta, skv. 16. gr. vvl. sbr. 37. gr. rgl. 995/2007.

12.5		Verklagsreglur um framkvæmd viðskiptafyrirmæla, skv. 2. mgr. 18. gr. vvl.
12.6		Verklagsreglur um flokkun viðskiptavina, skv. 21. gr. vvl. auk eyðublaðs sem aðilar sem óska eftir að vera flokkaðir sem fagfjárfestar fylla út.
12.7		Hver hefur verið ráðinn regluvörður af stjórn og hvert sé starfsfyrirkomulag hans. skv. b-lið 3. mgr. 6. gr. vvl.
12.8		Hvaða starfsmenn hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við fjármálagerninga og hafa þeir staðist próf í verðbréfaviðskiptum, sbr. 53. gr. fftl.
12.9		Verklagsreglur um viðskipti stjórnar fyrirtækisins, starfsmanna þess, fastra umboðsmanna og þeirra sem eiga virkan eignarhlut í fyrirtækinu með fjármálagerninga, skv. 3. mgr. 6. gr. vvl., sbr. 10. gr. rgl. nr. 995/2007.
12.10		Upplýsingar um hvernig meðferð kvartana er háttað sbr. 9. gr. rgl. 995/2007 auk þess að sýna fram á að það hafi aðgengilegar upplýsingar um réttarúrræði viðskiptavina sinna, komi upp ágreiningur milli viðskiptavinar og fjármálafyrirtækisins sbr. 3. mgr. 14. gr. vvl.
12.11	3. mgr. 26. gr. fftl.	Verðbréfamiðlanir skulu setja tryggingu fyrir tjóni sem þær kunna að baka viðskiptavinum sínum í starfsemi sinni.

13. Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir		
13.1	Lög nr. 128/2011 um verðbréfa sjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði, reglugerð nr. 1166/ 2013 og reglugerð nr. 983/2013.	Rekstrarfélög verðbréfasjóða skulu einnig skila inn útboðslýsingu, lykilupplýsingum og reglum fyrir a.m.k. einn verðbréfasjóð. Gátlista vegna framangreinds má finna á: <a href="http://fme.is/?PageID=795">http://fme.is/?PageID=795</a> .